

5. gr.

Samlagsmaður, sem dvelur utan samlagssvæðis síns vegna náms, árstíðabundinnar atvinnu eða af öðrum orsökum, sem ekki valda því að lögheimili hans breytist, getur, ef dvölin verður lengri en einn mánuður, og hann verður sjúkrá hjálpar þurfi á dvalarstaðnum, gerst bráðabirgðasamlagsmaður í samlagi dvalarstaðarins. Gefur það samlag út bráðabirgðaskirteini til allt að sex mánaða í senn. Bráðabirgðasamlagsmaður nýtur allra réttinda í því samlagi, annarra en dagpeningaréttar. Skirteinið fellur úr gildi, ef ekki er óskað endurnýjunar, áður en gildistími rennur út.

Sjúkrasamlag á endurkröfu á hendur heimasamlagi bráðabirgðasamlagsmanns á útlögðum kostnaði hans vegna.

6. gr.

Rísi upp ágreiningur milli samlaga innbyrðis, eða milli samlags og einstaklings vegna flutnings eða út af einhverju því atriði, er þessar reglur fjalla um, skal Tryggingastofnun ríkisins skera úr um hann. Báðir aðiljar hafa rétt til að visa málum sínum til úrskurðar tryggingaráðs.

Verði ágreiningur milli samlags eða milli einstaklings og samlags um flutning eða eitthvert atriði, sem reglur þessar fjalla um, geta aðilar skotið því til tryggingaráðs, nema sjúkratryggingadeild geti leyst málið án slíks málskots.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 47. gr. laga nr. 67/1971 sbr. lög nr. 112/1972, um almannatryggingar, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 27. mars 1974.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

REGLUR

fyrir samvinnunefnd um skipulagsmál Selfosshrepps, Ölfushrepps og Hveragerðishrepps.

1. gr.

Samvinnunefnd um skipulagsmál Selfoss, Ölfushrepps og Hveragerðis, hér eftir kölluð skipulagsnefnd, er svo skipuð, að í henni eiga sæti 7 menn.

Skipulagsstjórn ríkisins skipar formann nefndarinnar, en að öðru leyti er hún skipuð fulltrúum tilnefndum af sveitarstjórnnum eftirtalinna sveitarfélaga, 2 frá hverjum: Selfosshreppi, Ölfushreppi og Hveragerðishreppi.

2. gr.

Hlutverk nefndarinnar er að vinna að samræmingu á skipulagi svæðis þess, sem tekur yfir umrædd sveitarfélög miðað við væntanlega þróun fram til ársins 2000. Nú verður ágreiningur um, hversu víðtækt hlutverk nefndarinnar sé, og sker þá skipulagsstjórn úr.

3. gr.

Formaður boðar nefndina til fundar með hæfilegum fyrirvara, þegar hann telur þörf á, og ákveður fundarstað.

Fundur er lögmætur, ef formaður og helmingur annarra nefndarmanna er viðstaddur. Afl atkvæða ræður úrslitum. Þó getur nefndin ekki tekið fullnaðarákvörð-

un um mál, er varðar sérstaklega hagsmuni tiltekins sveitarfélags, ef fulltrúar (fulltrúi) þess lýsa sig andvíga þeirri ákvörðun.

Nefndin skal halda gerðabók; og skal formaður og ritari undirrita hana í fundarlok. Sá fundarmaður, sem ósamþykkur ákvörðun meirihlutans, á rétt á að fá stutta athugasemd um skoðun sína færða í bókina.

4. gr.

Á uppdrætti skal auðkenna núverandi notkun lands. Skulu þar sýnd svæði þau, er tilheyra núverandi lögbýlum, grasbýlum og gróðurhúsabýlum, afréttir, sandgræðslusvæði, skógræktarsvæði, svæði, sem tilheyra skólum eða stofnunum, friðuð svæði, sumarbústaðahverfi, svæði þau, sem þegar hafa verið byggð eða skipulögð sem þéttbýli og annað, sem máli þykir skipta.

Einnig skal auðkenna á uppdrætti friðaðar minjar eða náttúruvætti, jarðhitasvæði, sem þekkt eru, helstu borholur og aðalhitaveituaðar, helstu vatnsból, sem þekkt eru, og aðalvatnsveituaðar, háspennulínur og aðalspennistöðvar, helstu símalínur (jarðstrengir og loftlínur), malartekjusvæði, helstu rotþrær og frárennslisvæðar og útrásir þeirra í ár og læki, ár, vötn og læki, þar sem vitað er um veiði, fiski-eldisstöðvar og annað, sem þykir skipta máli.

5. gr.

Á uppdrætti að aðalskipulagi skal sýna fyrirhugaðanotkun lands og ráðgerða nýja vegi, hitaveitur, vatnsveitur, háspennulínur og frárennslis, sem máli skipta. Auðkenna skal sérstaklega framtidarlandbúnaðarsvæði, ráðgerð gróðurhúsahverfi, ráðgerð þéttbýlishverfi og sumarbústaðahverfi, skógræktarsvæði, ráðgerð svæði fyrir skóla og stofnanir, hverfi til fiskiræktar, alifuglabúskapar, ráðgerð útivistarsvæði og gönguleiðir, svæði undir reiðskóla og reiðgötur, ráðgerð tjaldsvæði og svæði undir reiðskóla og reiðgötur, ráðgerð tjaldsvæði, svæði fyrir húsvagna, svæði sem æskilegt er að friða vegna sérstæðrar fegurðar eða vegna sérstæðra náttúrunyndana, gróðurs eða dýralífs og skal í þessu efni haft samráð við hlutaðeigandi náttúruverndarnefnd. Að öðru leyti skal höfð hliðsjón af reglugerð nr. 217/1966 og samráð við höfunda Suðurlandsáætlunar, eftir því sem ástæða þykir til.

6. gr.

Með samþykki skipulagsstjórnar getur skipulagsnefnd ráðið sér starfslið til aðstoðar, en að öðru leyti veitir skipulagsskrifstofa ríkisins nauðsynlega aðstoð.

7. gr.

Þegar skipulagsnefnd hefur gengið frá tillögu um skipulag svæðisins eða um þann hluta þess, sem hún telur ástæðu til að taka til meðferðar að svo stöddu, sendir hún tillögunna ásamt rökstuddri greinargerð til skipulagsstjórnar.

Um meðferð tillögunnar eftir að hún er komin í hendur skipulagsstjórnar, fer samkvæmt ákvæðum skipulagslaga.

8. gr.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist þannig, að hvert sveitarfélag, sem aðild á að nefndinni greiðir í upphafi kr. 50 000.00. Í árslok gerir nefndin síðan tillögu um skiptingu kostnaðar að öðru leyti. Ef ekki næst samkomulag allra aðila, sker ráðherra úr að fengnum tillögum skipulagsstjórnar.

9. gr.

Stefnt skal að því, að nefndin ljúki störfum fyrir árslok 1975. Ef nefndin óskar og gildar ástæður þykja til, getur ráðherra framlengt starfstímabil nefndarinnar, þó ekki lengur en 6 mánuði í senn.

Reglur þessar, sem settar eru samkv. 5. mgr. 3. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 28. mars 1974.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

REGLUR

um úthlutun örorkustyrkja.

1. gr.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að úthluta örorkustyrkjum til þeirra öryrkja, sem misst hafa frá 50% til 75% starfsorku sinnar samkvæmt mati tryggingayfirlæknis, og eru á aldrinum 16—67 ára.

Hámarksupphæð styrks til þeirra umsækjenda, sem ekki hafa börn innan 17 ára á framfæri sínu, má nema 75% fulls lífeyris. Til þeirra, sem hafa börn á framfæri innan 17 ára, er heimilt að úthluta viðbót, þó má hún eigi vera hærri en 75% barnalífeyris fyrir hvert barn á framfæri.

Ekki skal úrskurða örorkustyrk til þeirra, sem eru í fulllaunuðu starfi, nema sannað þyki að örorka hafi í för með sér verulegan aukakostnað, svo sem umsækjanda sé nauðsynlegt að hafa bifreið til að komast að og frá vinnustað.

Ekki skal úrskurða húsmóður örorkustyrk, nema að sannað þyki, að um verulegan aukakostnað sé að ræða við heimilishaldið vegna örorku hennar, svo sem aðkeypt húshjálp eða atvinnumissis maka af þeim sökum.

2. gr.

Við úthlutun styrkja skal höfð hliðsjón af:

1. Eignum og tekjum umsækjanda og maka hans.
2. Örorkustigi umsækjanda með tilliti til þess starfs, er hann stundar, eða kostur er á.
3. Fjöldi barna umsækjanda innan 17 ára, sem hann hefur á framfæri sínu og ekki greiðist með barnalífeyrir.

3. gr.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að úthluta örorkustyrkjum til barna innan 16 ára aldurs vegna bæklunar eða vanþroska, ef það hefur í för með sér tilfinnanleg útgjöld eða mikla umönnun. Styrkir þessir skulu vera í samræmi við örorkumat barnanna gert af tryggingayfirlæknir.

Hámarksupphæð styrks má nema 75% af örorkulífeyri einstaklings. Örorkumatið skiptist í þrjú stig með tilliti til þarfa á útgjöldum og umönnun.

Styrksupphæð 1. stigs skal vera 25% af örorkulífeyrir einstaklings, 2. stigs 50% sömu upphæðar og 3. stigs 75% af sömu upphæð.

Styrki þessi má greiða vegna allra þeirra barna, sem eiga gilt örorkumat, og ekki dveljast á hælum eða sjúkrahúsum, þar sem Tryggingastofnun ríkisins eða aðrir opinberir aðilar greiða að fullu dvalarkostnað þeirra.

Örorkustyrk til barna, sem dvelja á dagvistunarheimilum (en heima um nætur og helgar) skal hins vegar lækka um eitt stig.